

Rúgur (*Secale cereale*)

Enska; Rye, danska; Rug, norska; Rug, sænska; Råg

Tegundalýsing og kjörlendur

Rúgur er hávaxið sumar- eða vetrareinær korntegund. Axið er tvíhliða. Smáöxin eru legglaus en þau hafa hálar blómagnir og axagnir með langri týtu. Öll smáöxin hafa jafnlangar týtur. Stráin eru upprétt og geta orðið rúmlega einn og hálfur meter á lengd. Hann er með grágræn breið blöð með smá blaðeyru við blaðfótinn.

Rúgur vex eingöngu í ræktunarlandi þar sem honum er sáð.

Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hér á landi er vetrarrúgur nýttur sem grænfóður til beitar og/eða sláttar snemma vors eða miðsumars. Hann heldur græna litnum allan veturinn og tekur svo við sér um leið og hlýnar á vorin. Hann fer því fyrr á stað en aðrar beitarplöntur og er kominn í fulla sprettu áður en túngróður fer af stað að ráði. Þess vegna er hægt að nýta hann að vorinu og brúa þannig bilið allra fyrst á vorin ef það er hagur að því. Ef honum er vorsáð sprettur hann ekki úr sér á fyrsta sumri sem getur verið mikill kostur við nýtingu til beitar. Fóðrunarvirði og fóðurgildi rúgs er sambærilegt við annað grænfóður af grasætt sem er mjög hátt fram að skriði en fellur hratt eftir það. Rúgur er ekki mikið ræktaður hér landi enda er ræktunin frekar dýr og getur verið órugg. Þegar best lætur getur nýtanleg uppskeran verið á bilinu 5 – 8 þurrefnistonn af ha. Örugastur er hann í ræktun í inn-sveitum á Norður- og Austurlandi.



Ræktunarleiðbeiningar

Rúgur þrífst best í vel framræstum myldnum móajarðvegi eða þurri mýri. Æskilegast er að ræktunin sé hluti af sáðskiptakerfi og er þá rúgurinn ræktaður á eftir túni sem hefur verið slegið (eða beitt) fyrr um sumarið. Túnið er síðan plægt og herfað fyrir sáningu. Vetrarrúgi er sáð í júlí – ágúst til vorbeitar eða mjög snemma vors til að beita miðsumars. Vorsáningu mætti jafnvel nýta til vorbeitar árið eftir ef vel tekst til. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Ráðlegast er að sá rúginum fyrstu vikuna í ágúst norðanlands og austan en svo sem eins og viku fyrr sunnanlands og vestan. Það er til þess að hraustlegar plöntur hafi myndast áður en vetur gengur í garð. Ef haustið er með eindæmum gott getur þurft að beita akurinn lítilliga að haustinu en almennt gildir að friða hann alveg fyrir beit yfir veturinn. Þúsundkornþyngd er 25 til 35 g og sáðmagn yfirleitt um 200 kg á ha. Best er að raðsá í 2-4 cm dýpt. Engar tilraunir hafa verið gerðar með áburð á vetrarrúg hér á landi en ekki er talið nauðsynlegt að bera á að haustinu enda þá áburðarefni aðgengileg en að vorinu er rétt að bera á 120 kg N/ha í Græði 5 eða sambærilegu.



Vetrarrúgur um miðjan júní